



Frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

Mínum foreldra á frístundastyrk barna fyrir árið 2014 en umsóknir þurfa að berast fyrir áramótin.

Jólapóstur

Laugardaginn 20. desember ætla jólasveinar og þeirra fylgdarlið að fara um sveitina og safna innansveitar jólapósti og dreifa honum svo til síns heima. Lagt verður af stað uppúr kl. 18, byrjað í þorpinu og svo farið í sveitina. Það kostar 120 kr. undir kortið og þeir sem ekki verða heima en vilja nýta sér þessa þjónustu geta sett kortin í poka og á hurðarhúnin og þá verða þau gripin með.



Jólakveðjur,

Jólasveinarnir og nemendur 8.-10. bekkjar

Kræsingar fyrir Þorláksmessu og jólahátíðina!

Unglingadeild Valsárskóla er með kæsta skötu (mjög góð, rúmlega millikæst) til sölu! Kílóíð kostar 1.500 kr og er heimkeyrsla innifalin!

Mínum einnig á aðrar kræsingar sem við höfum til sölu eins og rækjur í 2,5 kg pokum (stór á 4.500 kr og minni á 4.100 kr), humar í 1 kg pakkningum (stærð 9-12 á 7.500 kr/kg og 15-18 á 6.600 kr). Vinsamlegast sendið pantanir til Starra (stari@internet.is eða í síma 663-2650) fyrir miðvikudaginn 17. desember n.k. og verður góðmetinu svo ekið til kaupenda fimmtudaginn 18. desember eftir kl. 17:00.

Kirkjan

Aftansöngur verður í Svalbarðskirkju kl. 16.00 á aðfangadag, 24. desember.

Gleðilega hátíð!

Næstu rusladagar

18. desember - Endurvinnsla

27. desember - Almennt sorp

Ekki bærust upplýsingar um rusladaga í janúar fyrir prentun og er fólk því hvatt til að fylgjast með á heimasíðu hreppsins.

Frá umf. Æskunni

Laugardagsmorgnar Æskunnar eru komnir í jólafrí og hefjast aftur á nýju ári þann 10. janúar!

Hunda- og kattafóður

Björgunarsveitin Týr er með umboðssölu á Belcando hundafóðri og nú bjóðum við einnig upp á Leonardo kattafóður.



Um er að ræða hágæða dýrafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar björgunarsveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hunda- og kattafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð einnig besta fóðrið fyrir besta vinnu.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður, geta haft samband og við komum til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur fyrir hundinn. Þá er gott að láta fylgja upplýsingar um stærð hunds og hreyfiþörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á tyr@internet.is eða á Facebook *Týr hundaogkattafóður Eyjafirði*.

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 6.500 kr og 15 eldhúsrúllur 3.500. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Jólaundirbúningur í Valsárskóla



Undanfarna daga hefur verið unnið að ýmsum jólatengdum verkefnum í skólanum. Annars vegar er unnið að ýmis konar list og verkgreinum og hins vegar er unnið með hefðbundnar bókgreinar út frá jóluunum. Dæmi um verkefni eru Jólásögusamkeppni, Jólalabingó á dönsku, Þjóðsögur og Ævintýri, Jól á bókasafni, Jólakvikmyndagerð, Enskir jólaleikir, jólagóðverk, Jólstarf á Álfaborg, Jólahreindýr, Laufabrauðsgerð, Konfekt og kerta-gerð, Jólakort, Jólasmíðar og Jólasterðfræði í tölvum.

Í lokavikunni fyrir jól fara nemendur 5.-7. bekkjar og sækja jólatré fyrir jólaballið og elstu nemendur skólans stjórna skreytingum á jólatrénu og salnum. Yngstu krakkarnir fara í jólaútiskóla með nemendum leikskólans og nemendur 1.-2. bekkjar fara á minjasafnið á Akureyri að sjá hvernig jólin voru haldin fyrr á tímum.

Síðasti skóladagurinn fyrir jól er föstudagurinn 19. desember. Þá mæta nemendur á venjulegum tíma, skreyta stofurnar sínar og undirbúa litlu jólin sem haldin eru um kvöldið. Þá leggjum við áherslu á að hafa rólega og notalega stund og nemendum er því velkomið að koma í náttfötum eða með bangsa eða tuskudýr. Skólabíllinn keyrir nemendum utan þéttbýlis heim klukkan 12:00 þennan dag.

Nemendur mæta aftur í skólann klukkan 16:00 til að halda litlu jólin hátíðleg. Skólabíllinn sækir nemendur samkvæmt tímatöflu og verður í Vaðlabýggðinni klukkan 15:30. Litlu jóluunum lýkur klukkan 19:30 og þá keyrir skólabíllinn nemendur í skólaakstri heim.

Athugið að þann 19. desember er enginn hádegisverður í skólanum og vistunin er ekki opin.

Skólastarfið hefst þriðjudaginn 6. janúar með viðtalsdegi þar sem rætt verður um niðurstöður námsmats úr lotu 2 og lagt á ráðin um hvað má bæta í námi nemenda svo árangur verði sem bestur.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Starfsfólk Valsárskóla

Björgunarsveitin Týr

Sælir ströndungar.



Við í björgunarsveitinni Tý viljum þakka ykkur fyrir frábærar viðtökur þegar við gengum í hús við sölu á neyðarkalli. Það er virkilega gaman að finna stuðning frá sínu sveitarfélagi og erum við því virkilega þakklátir.

Eins og þið vitið þá fer að líða að áramótum og þá erum við með flugeldasölu. Við verðum með sölnu í anddyri Valsárskóla eins og undafarin ár. Opnunartíminn er eftirfarandi:

29. des 16:00-22:00

30. des 16:00-22:00

31. des 10:00-16:00

Síðan viljum við þakka fyrir okkur með brennu og flugeldasýningu. Hún verður á sama gamla staðnum, eða hjá vitanum og kveikt verður í brennunni klukkan 20:00 á gamlárskvöld.

Við viljum óska öllum gleðilegra jóla, þökkum fyrir stuðningin á liðnu ári og óskum ykkur farsældar á nýju ári.

Jólakveðja frá Björgunarsveitinni Tý

Litið um öxl

Pessi auglýsing birtist í Degi þann 18. desember 1924:

Síðastliðið haust var mér undirrituðum dregin veturgömul ær með mínu marki: Sýlt, biti aftan hægra, fjöður framan vinstra. Kind þessa á eg ekki og getur réttur eigandi vitjað hennar til mín, greitt áfallinn kostnað og semja við mig um markið.

*Þórður Valdemarsson
frá Leifshúsum Svalbarðseyri*

Dagur, 52. tbl. (18.12.1924), bls. 201
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2640329

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 20. janúar.